

SKULDABRÉF

MEÐ RÉTTI TIL AÐ BREYTA SKULDINNI Í HLUTAFÉ SKV. VI. KAFLA LAGA NR. 138/1994 UM EINKAHLUTAFÉLÖG OG BEINNI AÐFARARHEIMILD

Undirritaður útgefandi, [] ehf., kt. [], [] („skuldari“), viðurkennir hér með einhliða og skilyrðislaust að skulda **Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins**, kt. 691097-2859, Kringlunni 7, 103 Reykjavík (eða þeim sem síðar kann að eignast skuldabréf þetta) („kröfuhafi“),

kr. []

[fjárhæð í bókstöfum]

(„lánsfjárhæðin“)

og skuldbindur sig til að endurgreiða kröfuhafa lánsfjárhæðina ásamt vöxtum og öllum þeim kostnaði sem til falla á lánsfjárhæðina samkvæmt skuldabréfi þessu, samkvæmt eftirfarandi skilmálum:

1 BAKGRUNNUR

- 1.1 Skuldabréf þetta er gefið út í kjölfar þess að skuldari sótti um móttframlagslán [*nánari tilvísun þegar upplýsingar liggja fyrir*], en í því felst að kröfuhafi veiti lán til hans samhliða því að fjárfestir/ar annaðhvort (a) hafi veitt lán til skuldara („**fjárfestalánið**“) í samræmi við skilyrði móttframlagslána eða (b) hafi tekið þátt í hlutfjárhækkun skuldara fyrir fjárhæð sem nemur a.m.k. fjárhæð skuldabréfs þessa, í báðum tilvikum, eftir 1. mars 2020.
- 1.2 Skuldabréf þetta er gefið út í samræmi við ákvörðun hluthafafundar skuldara sem haldinn var þann [*dagsetning*] 2020.

2 LÁNSFJÁRHÆÐ OG ÚTGREIÐSLA

- 2.1 Lánsfjárhæðin skal greidd út í einu lagi til skuldara eftir undirritun skuldabréfs.
- 2.2 Lánsfjárhæðin rennur óskipt til skuldara í samræmi við fyrirmæli hans. Engin lántökugjöld eða aðrar þóknanir skulu greiddar við útgreiðslu lánsfjárhæðarinnar.

3 ENDURGREIÐSLA / GJALDDAGI

- 3.1 Skuldari skuldbindur sig til þess að endurgreiða kröfuhafa lánsfjárhæðina með einni greiðslu ásamt vöxtum þann [*allt að 36 mánuðir frá dagsetningu skuldabréfs þessa en ekki lengri lánstími en samkvæmt fjárfestaláninu*] („**gjald dagi**“), hafi skuldinni þá ekki verið breytt í hluti í félaginu samkvæmt 5. gr. skuldabréfs þessa. [*Kröfuhafa er heimilt að fresta gjalddaga um 12 mánuði í senn, með skriflegri tilkynningu til skuldara sem*

skal hafa borist skuldara a.m.k. [] mánuðum fyrir gjalddaga, [þó ekki oftari en []].¹

- 3.2 Greiðslustaður er hjá kröfuhafa. Allar greiðslur skuldara samkvæmt skuldabréfi þessu skulu vera óskertar, þ.e. án lækkunar hvort sem er vegna skattgreiðslna eða annarra greiðslna sem skuldara ber að greiða vegna skuldarinnar, skuldajafnaðar- eða gagnkrafna.
- 3.3 Skuldara er heimilt að greiða upp lánsfjárhæðina auk vaxta, að hluta eða öllu leyti, í tólf mánuði frá útgáfudegi skuldabréfs þessa, án kostnaðar. Að þeim tíma liðnum er skuldara ekki heimilt að fyrirframgreiða lánsfjárhæðina eða vexti, án samþykkis kröfuhafa.

4 VEXTIR OG VAXTAGJALDDAGI

- 4.1 Lánsfjárhæðin ber ársvexti sem skulu vera [sömu vextir og í fjárfestalaninu, en þó ekki lægri en 10%] sem reiknast á höfuðstól frá útgreiðsludegi. Vextir eru reiknaðir árlega og leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Vextir greiðast ásamt höfuðstól á gjalddaga. Við vaxtaútreikning skal taka mið af samanlögðum höfuðstól og vöxtum samkvæmt ofangreindu.

5 RÉTTUR TIL AÐ BREYTA SKULDINNI Í HLUTI

- 5.1 Kröfuhafa er heimilt að breyta lánsfjárhæðinni, auk áfallinna og ógreiddra vaxta, í hluti í skuldara í stað þess að fá lánsfjárhæðina endurgreidda í eftirfarandi tilvikum.

- 5.1.1 Við ákvörðun hluthafa um hækkun hlutafjár, útgáfu skuldaskjala með breytirétti eða áskriftarréttindum, eða um að skuldari skuldbindi sig með öðrum hætti til þess að gefa út nýtt hlutafé á tilteknu gengi á lánstímanum, svo sem með samruna („**hlutafjárákvörðun**“), er kröfuhafa heimilt að breyta hluta af eða allri lánsfjárhæðinni, ásamt vöxtum, miðað við lægsta gengi sem ákvarðað hefur verið samkvæmt framangreindu en auk þess með **20% afslætti** af hinu lægsta gengi sem um getur í hlutafjárákvörðun (skiptigengi).

Skuldari skal tilkynna kröfuhafa um hlutafjárákvörðun með sannanlegum hætti án tafar og hefur kröfuhafi 14 daga frá því að tilkynning berst honum til að tilkynna skuldara hvort hann nýti heimild sína.

Hafi kröfuhafi óskað eftir upplýsingum frá skuldara, sbr. grein 7.2.7, innan 3 daga frá því að skuldari tilkynnir kröfuhafa um hlutafjárákvörðun, skal skuldari afhenda umbeðnar upplýsingar innan 3 daga frá beiðni þar um. Takist það ekki skal skuldari afhenda umbeðnar upplýsingar svo fljótt sem auðið er en framangreindur 14 daga frestur framlengist um jafnmarga daga og tafist hefur að veita umbeðnar upplýsingar.

- 5.1.2 [Ef skuldari lýkur hlutafjárhækkun þannig að hann hafi móttekið

¹ Orðalag í hornklofa í grein 3.1 er valkvætt og fer eftir því sem skuldari og fjárfestir/ar koma sér saman um í fjárfestalaninu. Ef ekkert er valið, er orðalagi í hornklofa eytt.

fjárhæð í reiðufé sem nemur a.m.k. samtölu höfuðstóls skuldabréfs þessa og fjárfestálansins, þá skal öll lánsfjárhæðin, ásamt vöxtum, breytast í hluti í skuldara miðað við lægsta gengi sem ákvarðað hefur verið í hlutfjárhækkuninni en auk þess með þeim afslætti sem er hærrí af (a) **20% afslætti** af hinu lægsta gengi sem um getur í viðkomandi hlutfjárhækkun eða (b) **afslætti** sem nemur því hlutfalli sem fæst með því að deila [fjárhæð] með heildarfjölda hluta í félaginu en þó þannig að heildarfjöldi hluta skal miða við að (1) öllum skuldaskjölum með breytirétti hafi verið breytt í hluti, (2) allir kaupréttir og áskriftarréttindi, um hluti í félaginu, hafi verið nýttir og að hlutir hafi verið útgefnir vegna þeirra og (3) fjöldi hluta sem stjórn er heimilt að gefa út að öðru leyti en vegna skuldabréfs þessa og fjárfestálansins, hafi verið gefnir út (skiptigengi) (ekki skal tvítelja hluti samkvæmt framangreindu).²

EÐA

Ef skuldari lýkur hlutfjárhækkun þannig að hann hafi mótttekið fjárhæð í reiðufé sem nemur a.m.k. samtölu höfuðstóls skuldabréfs þessa og fjárfestálansins, þá skal öll lánsfjárhæðin, ásamt vöxtum, breytast í hluti í skuldara miðað við lægsta gengi sem ákvarðað hefur verið í hlutfjárhækkuninni en auk þess með **20% afslætti** af hinu lægsta gengi sem um getur í viðkomandi hlutfjárhækkun (skiptigengi).³

- 5.1.3 [Verði breyting á yfírráðum í skuldara frá útgáfudegi skuldabréfs þessa, þá skal kröfuhafa vera heimilt að velja hvort hann (a) gjaldfelli skuldabréfið eða (b) breyti lánsfjárhæðinni, ásamt vöxtum, í hluti í skuldara miðað við lægsta gengi sem miðað var við í breytingu á yfírráðum en auk þess með **20% afslætti** af hinu lægsta gengi sem um getur (skiptigengi). Með breytingu á yfírráðum er átt við breytingu eða breytingar á hluthafahópi félagsins sem leiða til þess að aðili eða aðilar, sem eru ekki í hluthafahópi félagsins á útgáfudegi skuldabréfs þessa, hafa eignast meirihluta hlutfjár félagsins eða fari með meirihluta atkvæðisréttar á hluthafafundum. Hafi kröfuhafi ekki fengið fullnægjandi upplýsingar, innan 14 daga frá því að óskað var eftir þeim, um lægsta gengi sem miðað var við í breytingu á yfírráðum

² Dæmi:

Forsendur dæmis. Heildarhlutafé skuldara fyrir hlutfjárhækkun er kr. 50.000.000 að nafnverði og er nafnverði hvers hlutar kr. 1. Skuldari hefur gefið út (1) kauprétti að 2.000.000 nýjum hlutum, (2) breytanlegt skuldabréf að fjárhæð kr. 5.000.000 sem er umbreytanlegt í 700.000 nýja hluti og stjórn skuldara hefur heimild til þess að gefa út 3.000.000 nýja hluti samkvæmt samþykktum hans og nær heimildin m.a. til útgefna kaupréttar og breytilegs skuldabréfs. Skuldari lýkur hlutfjárhækkun og móttækur kr. 100.000.000 í reiðufé. Gengi hlutfjárhækkunarinnar er 10 og fá því áskrifendur útgefna 10.000.000 nýja hluti. Samtala höfuðstóls og vaxta skuldabréfs og fjárfestálansins er kr. 70.000.000 (35.000.000 + 35.000.000). Skuldari og fjárfestir/fjárfestar koma sér saman um að fjárhæðin í ákvæðinu, sem skal deila með heildarfjölda hluta, skuli vera kr. 12.000.000. Niðurstæða dæmis. Miðað við framangreindar forsendur, er afsláttur 22,64% ($12.000.000 / (50.000.000 + 2.000.000 + 700.000 + 300.000)$). Heildarfjöldi hluta er því 53.000.000, þ.e. heildarfjöldi hluta miðast við útgefið hlutafé (50.000.000), kauprétti (2.000.000), breytanlegt skuldabréf (700.000) og heimild stjórnar (3.000.000 - 2.000.000 - 700.000) (ekki má tvítelja hluti). Sá afsláttur er hærrí en afsláttur samkvæmt lið (a) (20%) og leiðir til þess að (1) skiptigengið er 7,74 ($10 - (0,2264\% * 10)$). Af því leiðir að 4.521.964 hlutir ($35.000.000 / 7,74$) yrðu útgefnir við umbreytingu skuldabréfsins.

³ Orðalag í hornklofa í grein 5.1.2 er valkvætt og fer eftir því sem skuldari og fjárfestir/ar koma sér saman um í fjárfestálaninu, þ.m.t. fjárhæð í lið (b), nema hvað að ekki er hægt að velja báðar málsgreinar. Ef ekkert er valið, er orðalagi í hornklofa eytt.

skv. framangreindu, skal skiptigengi vera [] kr./hlut.]⁴

- 5.1.4 Hafi lánsfjárhæðin ekki verið greidd að fullu á gjalddaga og kröfuhafi ekki samþykkt breytingu eða framlengingu fyrir gjalddaga, er honum heimilt, hvenær sem er eftir gjalddaga, að breyta hluta af eða allri lánsfjárhæðinni, ásamt vöxtum, í hluti í skuldara á genginu 1 kr./hlut (skiptigengi).
- 5.1.5 Hafi gjaldfellingarheimild, sbr. grein 8, orðið virk er kröfuhafa heimilt að breyta hluta af eða allri lánsfjárhæðinni, ásamt vöxtum, í hluti í skuldara á genginu 1 kr./hlut (skiptigengi).
- 5.2 Kjósi kröfuhafi að breyta kröfu sinni í hluti samkvæmt framangreindu, að undanskilinni grein [5.1.3]⁵, skal hann tilkynna stjórn skuldara um það skriflega. Stjórn skuldara skal þá, eins fljótt og kostur er og eigi síðar en innan 30 daga frá móttöku tilkynningu, gefa út nýja hluti í skuldara til kröfuhafa, honum að kostnaðarlausu, til þess að fullnægja breytiréttinum. [Hvað grein [5.1.2] varðar, skal stjórn skuldara hlutast til um útgáfu nýrra hluta svo fljótt sem auðið er.] Fullnaðaruppgjör að þessu leyti telst hafa farið fram þegar gefnir hafa verið út nýir hlutir í skuldara á nafn kröfuhafa, hlutaskrá skuldara uppfærð því til samræmis og hlutafjárhækkun hefur verið skráð hjá fyrirtækjaskrá. Stjórnin skal þá jafnframt breyta samþykktum skuldara til samræmis við hlutafjárhækkunina og tilkynna þá breytingu til hlutafélagaskrár. Kjósi kröfuhafi að breyta ekki kröfu sinni í hluti, í eitt skipti eða oftari, helst breytiréttur óbreyttur.

6 RÉTTARSTAÐA KRÖFUHAFA

- 6.1 Um réttarstöðu kröfuhafa ef hlutafé er hækkað, lækkað, gefin eru út ný breytanleg skuldabréf eða áskriftarréttindi eða félagi er slitið, þar á meðal með samruna, áður en kröfunni er breytt í hluti, vísast til greina 5, 7 og 8.
- 6.2 Kjósi kröfuhafi að nýta breytirétt sinn í samræmi við grein 5 skal honum veitt tækifæri á að taka þátt í hlutafjárhækkun skuldara eða skrá sig fyrir breytanlegum skuldabréfum eða áskriftarréttindum líkt og hann væri þá þegar orðinn hluthafi.

7 ÁBYRGÐARYFIRLÝSINGAR OG SKULDBINDINGAR

- 7.1 Með útgáfu skuldabréfs þessa ábyrgist skuldari að:
- 7.1.1 upplýsingar í umsókn skuldara vegna skuldabréfs þessa séu réttar,
- 7.1.2 skuldabréf þetta sé skuldbindandi fyrir hann að öllu leyti,
- 7.1.3 skuldabréf þetta brjóti ekki í bága við nokkurn samning eða aðrar skuldbindingar sem skuldari hefur gert við þriðja aðila,
- 7.1.4 lánsfjárhæðin verði einungis notuð í þeim tilgangi að fjármagna almennan rekstur skuldara og verði t.d. ekki notuð til að

⁴ Orðalag í hornklofa í grein 5.1.3 er valkvætt og fer eftir því sem skuldari og fjárfestir/ar koma sér saman um í fjárfestalaninu. Ef ekkert er valið, er orðalagi í hornklofa eytt.

⁵ Orðalag í hornklofa fer eftir því hvort skuldari og fjárfestir/ar koma sér saman um í fjárfestalaninu um grein 5.1.3. Sé slíkt ákvæði ekki valið í fjárfestalaninu, er viðkomandi orðalagi eytt.

endurgreiða önnur lán,

7.1.5 hann eigi ekki í málaferlum eða ágreiningsmálum sem haft geta veruleg áhrif til hins verra á fjárhagsstöðu hans eða hæfi til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt ákvæðum skuldabréfs þessa.

7.2 Með útgáfu skuldabréfs þessa skuldbindur skuldari sig til að:

7.2.1 tilkynna kröfuhafa þegar í stað ef upp koma aðstæður er valdið geta gjaldfellingu skuldabréfsins eða veitt kröfuhafa heimild til að umbreyta kröfu sinni í hluti í skuldara og uppfylla að öðru leyti tilkynningarskyldur sínar í skuldabréfi þessu,

7.2.2 framkvæma ekki hlutfjárákvörðun, sbr. grein 5.1.1, án þess að kröfuhafa hafi verið tilkynnt um það í samræmi við grein 5.1.1 og tekið ákvörðun um hvort hann nýti breytirétt sinn innan tímafrests,

7.2.3 setja ekki eignir sínar að veði og sjá til þess að dótturfélög sín (eftir því sem við á) setji ekki eignir sínar að veði,

7.2.4 að framselja ekki allar eignir sínar eða verulegan hluta þeirra, þ.m.t. hvers kyns hugverkaréttindi, og sjá til þess að dótturfélög sín (eftir því sem við á) framselji ekki allar eignir sínar eða verulegan hluta þeirra, án samþykkis kröfuhafa (sala á verulegum hluta eigna telst vera ef söluverð eða bókfært verð hinna seldu eigna nemur hærra hlutfalli en 10% af heildareignum samkvæmt ársreikningi),

7.2.5 greiða engan arð til hluthafa sinna, lækka ekki hlutfé sitt, kaupa ekki eigin hluti, gefa ekki út jöfnunarhluti eða gera sambærilegar ráðstafanir sem fela í sér úthlutun til hluthafa og ábyrgist skuldari að engar slíkar ráðstafanir hafi verið gerðar frá 1. mars 2020,

7.2.6 undirrita hvorki samrunaáætlun né skiptingaráætlun, sbr. XIV. kafla laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, fyrir skuldara, án samþykkis kröfuhafa,

7.2.7 senda kröfuhafa ársreikning sinn innan 5 viðskiptadaga frá aðalfundi hans, allar tilkynningar og upplýsingar sem sendar eru til hluthafa og/eða lánveitanda sinna á sama tíma og þær eru sendar slíkum aðilum og láta kröfuhafa í té allar upplýsingar sem kröfuhafi óskar eftir, þ.m.t. hlutaskrá skuldara og aðrar þær upplýsingar sem kröfuhafi metur nauðsynlegar til að meta fjárhagsstöðu skuldara,

7.2.8 gæta fulls jafnræðis milli kröfuhafa og lánveitanda fjárfestalánsins m.t.t. skuldabréfs þessa og fjárfestalánsins, breyta ekki skilmálum fjárfestalánsins án samþykkis kröfuhafa og gera engar ráðstafanir sem ívilna lánveitanda fjárfestalánsins umfram þá skilmála og kjör sem felast í skuldabréfi þessu.

8 GJALDFELLINGARHEIMILDIR

8.1 Kröfuhafa skal vera heimilt að gjaldfella skuldabréfið við eftirfarandi aðstæður:

- 8.1.1 ef vanskil verða á greiðslu skuldarinnar og þau standa lengur en 7 daga,
 - 8.1.2 ef skuldari vanefnir eða hefur vanefnt einhverja af ábyrgðaryfirlýsingum og skuldbindingum sínum, sbr. grein 7,
 - 8.1.3 ef skuldari leitar nauðasamninga eða greiðslustöðvunar, fjárnám er gert í eigum hans, gert er árangurslaust fjárnám eða bú hans tekið til gjaldþrotaskipta,
 - 8.1.4 ef skuldari vanefnir að afhenda kröfuhafa nýtt hlutafé í skuldara innan settra tímamarka, sbr. grein 5.2,
 - 8.1.5 ef fjárfestalan, sbr. gr. 1.1, er gjaldfellt eða vanefnt með þeim hætti að lánveitanda væri heimilt að gjaldfella lánið,
 - 8.1.6 ef skuldari greiðir ekki kröfu eða samningsgreiðslu innan 45 daga frá gjalddaga, en framangreint á ekki við ef skuldari hefur tekið til eðlilegra varna án ástæðulauss dráttar, eða
 - 8.1.7 ef skuldari vanrækir að uppfylla einhverja af öðrum skyldum sínum samkvæmt skuldabréfi þessu og sú vanræksla varir í meira en 15 daga eftir að kröfuhafi hefur áminnt hann um að framfylgja skyldunni.
- 8.2 Skuldari skuldbindur sig til að tilkynna kröfuhafa um framangreinda atburði um leið og hann verður þeirra var, eða má vita að þeir eru yfirvofandi.
- 8.3 Verði skuldabréfið gjaldfellt skal skuldari þegar í stað endurgreiða kröfuhafa hina gjaldföllnu skuld, ásamt dráttarvöxtum af henni frá gjaldfellingardegi.
- 8.4 Standi skuldari ekki í skilum með greiðslu hinnar gjaldföllnu skuldar, ásamt dráttarvöxtum, eftir að hún hefur fallið í gjalddaga er kröfuhafa heimilt að gera aðför hjá skuldara til fullnustu skuldinni og kostnaði við innheimtu hennar án undangengins dóms eða réttarsáttar samkvæmt 7. tl. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989. Auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar nær aðfararheimild þessi til vaxta, dráttarvaxta, málskostnaðar og/eða innheimtukostnaðar, kostnaðar af gerðinni sjálfri og væntanlegs kostnaðar af frekari fullnustugerðum.

9 ÖNNUR ÁKVÆÐI

- 9.1 Þótt kröfuhafi hafi látið hjá líða einu sinni eða oftast að grípa til gjaldfellingar eða annarra úrræða vegna vanefnda skuldara, getur kröfuhafi engu að síður hvenær sem er beitt úrræðum sínum í samræmi við ákvæði skuldabréfs þessa.
- 9.2 Njóti lánveitandi samkvæmt fjárfestalani, sbr. gr. 1.1, réttinda sem eru umfram réttindi kröfuhafa samkvæmt skuldabréfi þessu, hvaða nafni sem þau nefnast og óháð því hvort þau verði skuldbindingar af hálfu skuldara, ábyrgðaryfirlýsingar af hans hálfu, heimildir lánveitanda til gjaldfellingar eða hvaðeina annað, skulu sömu réttindi sjálfkrafa talin veitt kröfuhafa, að breyttu breytanda, líkt og þau væru sérstaklega tilgreind í skuldabréfi þessu.
- 9.3 Rísi mál út af skuldabréfi þessu má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Skal heimilt að reka málið á grundvelli XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Öllu framanrituðu til staðfestu undirritar skuldari skuldabréf þetta í viðurvist vitundarvotta:

Staður og dagsetning

Í stjórn [] ehf.

Vottar að undirritun, dagsetningu og fjárræði skuldara:

Nafn, kt.

Nafn, kt.